

KONUNGLEG AUGLÝSING

51

23. sept.

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunnngjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 16. þ. m. samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, höfðum falið á hendur í fjarveru Vorri, frá 20. þ. m. að kvöldi dags, hans konunglegu tign ríkisarfa Christian **Frederik** Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gjört á Sorgenfri-höll, 23. septembermánaðar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

52

26. sept.

um bann gegn útflutningi á síldarmjöli.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að þarsem bændur víðsvegar á landinu hafi vegna óvenjulegra óþurrka, ekki getað aflað nægilegra heyja til búa sinna, sé bráðnauðsynlegt að tryggja, að ekki verði fóðurskortur, en á þessu megi ráða nokkra bót með því að banna útflutning á því síldarmjöli, sem til sé í landinu, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess, að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög um þetta efni.

Því bjóðum Vér og skipum þannig:

52

26. sept.

Útflutningur á sildarmjöli úr landinu er bannaður nema leyfi landbúnaðar-
ráðherra komi til.

1. gr.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða allt að 10.000 kr. sektum nema þyngri refsing liggi
við að lögum. Mál útaf nefndum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglu-
mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 26. september 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

53

8. okt.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðuneytisins hefir Hans hátign konung-
inum allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfarandi

Breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 8 frá 9. október 1912.

Á eftir 18. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, sem verði þá 19. gr., og
hljóði hún þannig:

„Læknisskoðun skal fara fram á hverjum stúdent, sem æskir skrásetningar,
og verður sú skoðun framkvæmd, stúdentum að kostnaðarlausu, af þeim lækni,
er háskólaráðið ræður til þess. Skylt er hverjum stúdent að láta skoða sig með
sama hætti í byrjun 3. námsárs.“

Þetta tilkynnist hérmeð öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 8. október 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.